

Gert 25 júní 2015.

Fyrsta sjónvarpsútsendingin til að ná yfir allan heiminn.

Konráð Rúnar Friðfinnsson tók saman.
Myndir, aðrar en upphafsmynd, eru ekki eign höfundar.
Texti: KRF.



The Beatles, oft nefndir Bresku Bítlarnir hér uppi á Íslandi á Ríkisútvarpinu, varð hljómsveitin sem fyrir valinu varð og menn vildu fá að heiðra og gera með þeim hætti að bjóða að flytja fyrsta atriði í stórviðburði sem fyrirhugaður var og líka fór fram 25 júní 1967, og er þá dagurinn sem fyrsta

alheims sjónvarpsendingin fór fram á um gervihnött eftir langa vegferð og gríðarlega vinnu og þælingar fólksins sem vann við verkið. Er enda ekkert einfalt mál að koma svona löguðu í kring. Fólkið sem að stóð hafði áður reynt margt, prufað enn meira, endurtekið sumt, lagfært annað og endurhannað hluta búnaðarins sem til þurfti frá jafnvel grunni, virkaði hann ekki eins og ætlast var til svo að allt stæðist og snérist með hjólinu sem menn vildu að snérist og drifi þennan öxul.

Eftir langt og strangt ferli kom í ljós að allir endar höfðu verið hnýttir og allt verkið komið á lokametranna. Allt hefst þetta með því að halda áfram og trú á það sem væri verið að gera. Sé trúin á verkferlanna ekki með að þá gefast menn fljótt upp. Og ekkert verður af neinu. Slæm býtti. En fólkið þraukaði og var með allt til enda og uppskar sigurskjöld er það sá með eigin augum útsendinguna fara í loftið eftir niðurtalningu sem öll heimsbyggð og hundruð milljóna manna sáu heima í stofu hjá sér í bestu mynd- og hljómgæðum sem þá voru í boði. Í auknum hljóð- og myndgæðum hefur margt áunnist, eins og sjónvarpsnotandi dagsins veit best um.

Ekki hefur verið neinum heiglum hent að leysa jafn stórt verkefni og hér um ræðir. Vísindin kom því á leiðarenda og er sitt afrek sem engin mælir gegn sem við á margvíslegan hátt njótum enn heima í stofu.

Allskonar þælingar hafa gengið þeim á meðan verkefnið enn var og margt ófyrirséð í ferlinu sem kallaði á úrlausn til að fylla upp í allt sem þessi fyrsta sjónvarpsútsendingar krafði fólkið um að gera á undan. Og áður en yfir lauk komst verkefnið á enda og hægt að hefja

skemmtilega hluta þess. Sjálfa sjónvarpsútsendinguna. Svona vinna er meira en nokkuð annað þolinmæðisverk.

Líklegt er að tíðarandinn 1967 hafi verið öllum svona verkum hjálplegur með Bítlameningunni sem um þær mundir tröllreið heimsbyggð og átti margt fólk í löndunum og svona viss ferskleiki og frjó hugsun ríkjandi. Allt hjálplegt við, til að mynda, að afla verkefninu nauðsýnlegt fjármagn sem til þurfti. Mórallinn í öllu svona hefur mikið að segja í öllu svona sem og ríkjandi tíðarandi. Á þessum árum eru mikil umsvif í framleiðslu hverskonar tækjabúnaðar og menn tilbúnir í ýmsar framkvæmdir á skjön við gildandi venjur og hefðir.

Lagið sem fjórmenningarnir fræknu settust yfir og luku við og fluttu umræddan dag fyrir 48 árum (júni 2015) er söngurinn fallegi "All You Need Is Love" sem John Lennon samdi og hinir þrír fluttu með honum inn í sjónvarpsupptökuherberginu sem allt fór fram í ásamt fjölda annarra gesta sem státt var í sal á meðan á útsetningu stóð. Þar inni mátti sjá þekkt andlit úr tónlistarheiminum á þeim tíma eins og Mick Jagger, Keith Richard, söngvara og gítarleikara The Rolling Stones sem enn eru að ásamt hljómsveit sinni The Rolling Stones. Fólkíð sem þarna var samankomið skráði sjálft sig í sögubækurnar með því einu að vera á staðnum þar sem útsetningin fór fram.

Þegar lagið "All You Need Is Love" er nefnt er þessi alheimsútsending oft getið í sömu andrá og því stundum bætt við að 25 lönd hafi séð dagkránna og 400 milljónir áhorfendur. Allir vita að lönd heimsins eru fleiri heldur en 25. Samt getur verið og er líkleg skýring á tölunni 25 að á þessum árum hafi sjónvarpseign manna ekki verið eins almenn og síðar varð og að sum lönd hafi ekki enn verið búin að koma sér upp útbúnaði til að taka á móti sjónvarpsgeislanum sem þó þeim hafi staðið hún til boða að gera. Með þá réttum útbúnaði. Menn vita að til að ná mynd á sjónvarpið sitt er tækið eitt og sér ekki nóg heldur þarf meira til.



Þetta minnir höfund á bónda nokkurn norður í landi, segjum það, sem kom til Reykjavíkur er rafmagnið og rafmagnsljósið var að koma á Íslandi og sá maðurinn rafperu lýsa upp allt inni í verslun einni sem á leið hans varð.



Varð honum starsýnt á ljósið sem logaði svo skært og hreif manninn upp úr skónum. Fór hann í næstu verslun sem seldi ljósaperur og keypti eitt stykk til að hafa með sér norður í kotið sitt og sýna fólkinu dýrðina.

Er heim kom sótti karlinn sér handbor sem hann átti og greip stundum til, festi í borstæðið fremst hæfilega gildan bor og herti utan um, sótti sér stól til að standa á og fann á eftir burðarbita í loftinu til að bora í. Standandi á stólgarminum boraði maðurinn hæfilega djúpa

holu í staurinn með bornum og sótti á eftir fólkið sitt til að það yrði vitni með honum að glæsileikanum og er skært ljós ljósaperunnar kviknaði og lýsti öllum inni í herberginu. Þegar fólkið allt var allt sest og ekki vitandi tilgang fundaboðunarinnar dró vinurinn fram leynivopnið úr vasa sínum, gekk að stólnum og stóð upp á honum, skrúfaði ljósaperuna í gatið sem borinn gerði. Og vitaskuld gerðist ekki neitt. Fólkið fór sem vonlegt var allt að hlægja og hvarf úr salnum eitt á eftir öðru til sinna fyrri starfa og sumt hristandi höfuðið og ekki skiljandi neitt í þessu uppátæki karlsins né heldur hvað honum gengi til. Manngreiði hins vegar sat eftir með súran svip. Hann sem sjálfur sá nákvæmlega eins peru og líka ljósið sem hún gaf frá sér og allt með eigin augum fyrir sunnan en vissi ekki að allt í pakkanum lokar hringnum og hann bara með einn hlut af mörgum sem til þurfti. Þetta í annan stað vissu vísindamennirnir sem unnu að þessari alheimssjónvarpsútsendingu árið 1967 sem nokkur ár tók að ljúka að fullu.

Í dag má með sanni segja að hringurinn haldist enn lokaður. Sannleikurinn er að fjölmargir svona gervihnettir sveima utan gufuhvolfsins og senda út bæði mynd og hljóð. Breytingin þá og nú er að og allt svona lagað er fyrir okkur ósköp venjulegt sem fáum finnst mikið til koma um og annað en var er menn upplifðu viðburð í júní 1967 og vissu kraftaverk heima í stofu hjá sér. Svona gerist þegar vaninn gleypir okkur með húð og hári og þakklætið segir bless.



Beiðni aðstandenda útsendingarinnar til Bítlanna var um að þeir semdu lag og texta sem gildi hvar sem væri í heiminum og menn frá ýmsum þjóðlöndum gætu sæst á og orðið ásáttir um. Beiðni fólksins hljóðaði upp á eitthvað hrífandi og fallett sem snerti með beinum hætti og bætti

heiminn og ástandið þar, eins og hugsunin með laginu í grunnin var hjá höfundi og ekki erfitt að skilja að menn hafi viljað gera með svona útsendingu, sérstaklega með það í huga að á þessum árum var talsvert mikið um allskonar svona þanka fólks og einkum þá á meðal hinna sem yngri voru á þeim tíma. Að söngurinn sem heimurinn fékk umræddan dag í júní 1967 skildi hafa orðið lendingin er því ekki alglerlega óskiljanlegt né út úr kú að hafi skeð heldur í raun fullkomlega rökrétt framhald þess sem þá var að gerast í löndunum. Á þessum árum voru orðin ást og friður afskaplega oft nefnd í þessum hópi fólks, þó kannski skilningur orðanna væri upp og ofan hjá fólkinu og ekki alveg réttur, en samt viss göfugleiki yfir. Því verður ekki neitað.

Vel má halda því fram að það að koma með eitthvað annað en gert var hafi ekki "meikað neinn séns", eins og sagt er og komið svolítið gegn hugsuninni sem var svo ríkjandi í huga manna og kvenna, í þá yngri kantinum á þessum árum. Hvaða skoðun á eftir sem menn hafa á þeirri sérstöku skoðun.

Bítlatíminn var um margt afskaplega merkilegt fyrirbæri og allur þanki um ást og frið algengur, þó fráleitt sé mjög friðvænlegt um að litast á jörðinni um þessar mundir, sem er annarskonar þanki. Kannski að þeir sem að stóðu hafi hugsað sér alheimssjónvarpssendinguna sem gilda leið til boðunar friðar til framtíðar litið? Vel mögulegt. Og af hverju ekki miðað við allt sem þá var gjaldgengt og umræðan í vissum

gríðarlegu virðingu sem mönnum þessum hlotnast.

Að þeir hafi hugsað ítarlega um hvernig efnið skildi vera útlítandi fyrir sjónvarpsútsendinguna minnir okkur á að á þessum árum hafa þeir ýmsa fjöruna sopið og við allskonar þurft að glíma sem tengja má beint við frægðina sem þeir voru í og alla athyglina sem líf þeirra orðið fékk hvar sem var. Alltént má reikna með að þessir ágætu heiðursmenn hafi er þarna er komið þekkt allvel inn á viðbrögð fjölmiðlanna. Við munum upphlaupið í kringum ummæli Lennon um að Bítlarnir væru vinsælli en Jesú og mörg önnur sem gerðust á hljótleikaferðum Bítlanna á sínum tíma og ollu allskonar viðbrögðum og sumpart hneykslun. Ferð þeirra til Filippseyja er í minnum höfð og allt sem þar gerðist og hlýtur að hafa gert þá sjálfa hugsu og hefur áreiðanlega haft sitt að segja og sitt vægi er kom að endanlegri niðurstöðu. Ekki svo að skilja að verkefnið hafi ekki verið spennandi og hvetjandi en líka, og líklega, á sinn hátt svolítið ógnvænlegt. Trúir höfundur í það minnsta.

Út frá svona mannlegum veikleika má vel draga slíka ályktun miðað við allt sem á undan var gengið hjá meðlimum The Beatles, sem þrátt fyrir allt eru bara menn. Svona áliktannir getur höfundur dregið fram af því að þekkja svolítið til mannlegs eðlis og víta allskonar viðbrögð sem upp kemur hjá fólki við einar og aðrar kringumstæður. Og svo hitt! Öll höfum við lært af því sem við reynum. Og sumt þar gerir okkur að árvökulum manneskjum og okkur meira vakandi fyrir ýmsu en væri hjá honum og henni með minni reynslu. Á sumu höfum við brennt okkur og viljum ekki brenna okkur aftur og heitir "að hafa lært af." Er alltént sjálfur viss um að ýmislegt svona hefur komið upp þegar þetta tónlistarfólk stóð frami fyrir sinni merkilegu áskorun aðstandenda téðrar sjónvarpsútsendingar um að koma með skilaboð til heimsins alls sem gengi í liðið, án þess auðvitað að víta allt málið. Er höfundur enda bara að hugsa upphátt en þekkir orðið svolítið inn á allskonar hugsanagang okkar manna. Og þar erum við ekki endilega neitt svo ólík og getum vel sett okkur í annarra spor um eitt og annað.



Allt þetta gæti, þarf þó ekki að vera, vegið þungt er kom að því að semja söng fyrir svo mikla stund sem ein alheimsjónvarpsútsending er með hundruð milljóna manna áhorf á sömu stund og verknaðurinn á sér stað. Allt svolítið óhugnanlegt í umhugsuninni.

Hér kemur líka fram mikil virðing sem orðið borin er fyrir meðlimum The Beatles og framlagi þeirra til lista, tóna og söngva og margs annars sem þeir í raun leiddu.

Niðurstaðan í þessu öllu saman er að lag John Lennon "All You Need Is Love" sé frábær og listavel sett fram.

Sannarlega er auðvelt að taka undir hann og boðskapinn í laginu. Er ekki svo annars? Maðurinn þarf ekkert meira en það að vera elskaður og að elska sjálfur. Biblían talar um "kærleika" sem er orð af sama meði og orðið "ást." Boðskapurinn sem þarna fór út til umheimsins er afbragðs góður sem auðvelt er að sætta sig við en þó mikilvægt að skilja rétt.



" All You Need Is Love. - Allt sem þú þarft er ást "- sungu The Beatles til heimsins
25 júní 1967 og gáfu út á tveggja laga hljómplötu í kjölfarið í júlí sama ár
ásamt laginu á - B - hlið plötunnar " Baby you're rich man. "

Gert til gamans og vonandi einnig smá fróðleiks
25 júní 2015.
Kveðja: KRF.